

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 14/2011****2011/EES/37/08****frá 1. apríl 2011****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 128/2010 frá 10. desember 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/5/ESB frá 8. febrúar 2010 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu akrólíni við í I. viðauka við hana ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/8/ESB frá 9. febrúar 2010 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu varfarínnatríumi við í I. viðauka við hana ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/9/ESB frá 9. febrúar 2010 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að rýmka færsluna um virka efnið álfosfíð, sem losar fosfín, í I. viðauka við tilskipunina þannig að færslan nái yfir sæfiefnaflokk 18 eins og hann er skilgreindur í V. viðauka við tilskipunina ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/10/ESB frá 9. febrúar 2010 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu bróðífakúmi við í I. viðauka við hana ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/11/ESB frá 9. febrúar 2010 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu varfaríni við í I. viðauka við hana ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/122/ESB frá 25. febrúar 2010 um breytingu á viðaukanum við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB, að því er varðar undanþágu varðandi notkun kadmíums, í því skyni að laga hann að vísinda- og tækniframförum ⁽⁷⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Ákvæði XV. kafla II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 12n (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB):
 - „– **32010 L 0005**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/5/ESB frá 8. febrúar 2010 (Stjttíð. ESB L 36, 9.2.2010, bls. 24),
 - **32010 L 0008**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/8/ESB frá 9. febrúar 2010 (Stjttíð. ESB L 37, 10.2.2010, bls. 37),
 - **32010 L 0009**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/9/ESB frá 9. febrúar 2010 (Stjttíð. ESB L 37, 10.2.2010, bls. 40),

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 85, 31.3.2011, bls. 11, og EES-viðbætur við Stjttíð. ESB nr. 17, 31.3.2011, bls. 1.

⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 36, 9.2.2010, bls. 24.

⁽³⁾ Stjttíð. ESB L 37, 10.2.2010, bls. 37.

⁽⁴⁾ Stjttíð. ESB L 37, 10.2.2010, bls. 40.

⁽⁵⁾ Stjttíð. ESB L 37, 10.2.2010, bls. 44.

⁽⁶⁾ Stjttíð. ESB L 37, 10.2.2010, bls. 47.

⁽⁷⁾ Stjttíð. ESB L 49, 26.2.2010, bls. 32.

- **32010 L 0010**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/10/ESB frá 9. febrúar 2010 (Stjtið. ESB L 37, 10.2.2010, bls. 44),
 - **32010 L 0011**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/11/ESB frá 9. febrúar 2010 (Stjtið. ESB L 37, 10.2.2010, bls. 47).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 12q (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB):
- „– **32010 D 0122**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/122/ESB frá 25. febrúar 2010 (Stjtið. ESB L 49, 26.2.2010, bls. 32).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2010/5/ESB, 2010/8/ESB, 2010/9/ESB, 2010/10/ESB og 2010/11/ESB og ákvörðunar 2010/122/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 2. apríl 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 1. apríl 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.